

II.		kr.
	Bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi	6.800
	Þjónustubýli	3.300
	Sumarbústaðir	1.650

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2002.

*Sauðárkróki, 4. febrúar 2002.*

**Jón Gauti Jónsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag fyrir 13 frístundalóðir við Hvamma- braut í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 5. febrúar 2002.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hefur verið sett eftirfarandi regla um umferð á Akranesi:

Að biðskylda verði á umferð af athafnasvæði við smábátabyggju Akraneshafnar inn á Faxabraut í stað stöðvunarskyldu.